

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar

I.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 42/1983 um Landsvirkjun, sbr. 12. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar.

II.

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var forstjóra Landsvirkjunar tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var forstjóra Landsvirkjunar gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Landsvirkjunar gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör forstjóra Landsvirkjunar.

Í svari stjórnar Landsvirkjunar dagsettu 10. ágúst 2012 er vísað til viðmiðana 8. gr. laga um kjararáð sem ráðinu ber að líta til við ákvörðun launa forstjóra Landsvirkjunar. Svigrúm kjararáðs við ákvörðun launa sé umtalsvert og ráðinu beinlínis skylt að lögum að gæta þess að laun forstjóra Landsvirkjunar séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geti talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Í tilviki forstjóra Landsvirkjunar séu slíkir sambærilegir aðilar aðeins á almennum samkeppnismarkaði og verði ekki fundin störf á vegum íslenska ríkisins sem sambærileg geta talist í þessu efni með tilliti til umfangs, veltu fyrirtækisins, eðlis starfsins, álags og ábyrgðar. Í bréfinu segir að við ákvörðun launa forstjórans sé eðlilegt að taka fyrst og fremst mið af launum forstjóra í sambærilegum fyrirtækjum á samkeppnismarkaði, sem eru þó öll mun umfangsminni fyrirtæki að veltu, stærð, ábyrgð og gerð. Þá er minnt á að Landsvirkjun sé sameignarfyrirtæki, hið eina í eigu ríkisins, og starfi sem sjálfstæður lögaðili á grundvelli sérlaga um fyrirrækið nr. 42/1983 með síðari breytingum. Staða Landsvirkjunar sé því einkaréttarlegs eðlis en ekki opinbers eðlis. Að þessu leyti hafi Landsvirkjun sérstöðu meðal fyrirtækja í ríkiseigu. Fjárhagur Landsvirkjunar sé sjálfstæður og allar meiriháttar ákvarðanir, fjárhagslegar sem aðrar, séu teknar af stjórn þess án aðkomu Alpings með fjárlögum. Að þessu leyti sé Landsvirkjun mjög ólík ríkisstofnunum. Sjálfstæði og ábyrgð, sérstaklega fjárhagsleg ábyrgð Landsvirkjunar sé því mun ríkari en annarra fyrirtækja í ríkiseigu. Í hlutafélögum í ríkiseigu sé ábyrgð ríkisins takmörkuð og bundin við hlutafé ríkisins í viðkomandi félagi. Þá er minnt á að ráðið sé í starf forstjóra á grundvelli tímabundins ráðningarsamnings sem sé uppsegjanlegur. Forstjórinn njóti ekki sérstakra hlunninda við starfslok umfram það sem eðlilegt sé talið á almennum

markaði og því sé eðlilegt að laun hans taki mið af því sem þar gerist. Ráðning forstjóra Landsvirkjunar sé jafnframt á margan hátt afar ólík ráðningu embættismanna, svo sem ráðuneytisstjóra og forstöðumanna ríkisstofnana og starfsöryggi hans sé mun ótryggara. Með vísan til alls framangreinds geri stjórnin þá kröfu að laun forstjóra Landsvirkjunar verði færð til fyrra horfs og verði í samræmi við ráðningarsamning þann sem gerður hafi verið við forstjórnann á sínum tíma.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Landsvirkjunar send svör fjármálaráðuneytisins og stjórnar Landsvirkjunar til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 9. október 2012 eru gerðar athugasemdir við það að á sama tíma og umfangsmiklar breytingar hafi verið gerðar á viðmiðunarlaunum ráðherra frá 1. október 2011 hafi ekki verið gerðar sambærilegar breytingar á launum forstjóra Landsvirkjunar. Lögin um kjararáð kveði skýrt á um að kjararáð skuli bera laun hans saman við forstjóra í sambærilegum fyrirtækjum á almennum samkeppnismarkaði.

III.

Um Landsvirkjun gilda lög nr. 42/1983 með síðari breytingum. Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. og á Eignarhluti ehf. 0,1% eignarhluta og ríkissjóður 99,9%. Hvor eigandi fyrir sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins í hlutfalli við eignarhluta. Eignarhluti ehf. er í fullri eigu ríkisins og er félagið einungis stofnað í þeim tilgangi að fullnægja kröfum um tvo sameigendur að lágmarki í sameignarfélagi. Ríkissjóður ber því alla ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fimm manna stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins. Stjórnin ræður forstjóra. Stjórn Landsvirkjunar fer með málefni fyrirtækisins og skal sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn og forstjóri fara með stjórn fyrirtækisins. Forstjóri annast daglegan rekstur og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur forstjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi fyrirtækisins. Stjórnin skal tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna fyrirtækisins. Landsvirkjun er heimilt að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga til þarfa fyrirtækisins og gangast í ábyrgð fyrir greiðslum í sama skyni. Nýjar fjárhagslegar skuldbindingar, sem njóta skulu ábyrgðar eigenda samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna eru háðar samþykki ráðherra.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal forstjóra Landsvirkjunar. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljóttast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað forstjóra Landsvirkjunar laun sama dag. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyra eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyrir, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áðurnefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Landsvirkjun er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins og stærsta raforkufyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið sinnir nauðsynlegri grunnþjónustu og gegnir grundvallarhlutverki fyrir allan atvinnurekstur og orkufrekan iðnað. Með hliðsjón af framansögðu telur kjararáð tilefni til að hækka heildarlaun forstjórans. Einingaverð hækkar og verður hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð heyrir.

Fyrri ákvarðarnir kjararáðs um aukastörf forstjóra Landsvirkjunar standa óbreyttar.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar.

Með hliðsjón af framansögðu skulu laun og starfskjör forstjóra Landsvirkjunar vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Landsvirkjunar vera samkvæmt launaflokki 502-141, nú 934.637 krónur. Að auki skal greiða honum 100 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi forstjórinn haldið bifreiðahlunnindum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili forstjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landsvirkjunar gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson